

HEILBRIGÐISEFTIRLIT

Hafnarfjarðar- og
Kópavogssvæðis

Garðatorg 5 • Pósthálf 329 • 212 Garðabær • Sími 550 5400 • Fax 550 5409 • www.heilbrigdiseftirlit.is • hhk@heilbrigdiseftirlit.is

Umhverfisstofnun
Suðurlandbraut 24
108 Reykjavík

00.75 PS Garðabæ 19. janúar 2016

Umsögn um drög að starfsleyfi fyrir olíubirgðastöð Atlantsolíu ehf. að Óseyrarbraut 23 í Hafnarfirði.

Með erindi dagsettu 18. nóvember 2015 kynnti Umhverfisstofnun drög að starfsleyfi fyrir olíubirgðastöð Atlantsolíu ehf. að Óseyrarbraut 23 í Hafnarfirði. Núgildandi starfsleyfi var gefið út 24. ágúst 2005 með gildistíma til 15. apríl 2015. Áformuðu starfsleyfi er ætlað að gilda fram á árið 2032. Frestur til athugasemda er til 19. janúar 2016.

Þar sem í drögum að nýju starfsleyfi eru gerðar kröfur um mun minni olíuþró utan um tanka en í eldra leyfi sendi Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis (HHK) erindi á Umhverfisstofnun 8. desember s.l. þar sem óskað var upplýsinga um hvort einhverjar breytingar hefðu verið gerðar í stöðinni sem HHK væri ekki kunnugt um. Formlegt svar hefur ekki borist við þeirri fyrirspurn. Þá sendi eftirlitið annað erindi á Umhverfis- og auðlindaráðuneytið vegna óljóss orðalags í drögum að starfsleyfi um útvistun verkefna til „verktaka með öll tilskilin leyfi“. Spurningar vökuðu hvort hætta væri á að með þessu ákvæði gæti umhverfisábyrgð við löndun eldsneytis færst á einhvern hátt frá rekstraraðila birgðastöðvarinnar, Atlantsolíu ehf. til annars lögaðila. Spurningin vaknað með hliðsjón af því að næsta fá ákvæði í drögum að starfsleyfi varða löndun á eldsneyti. Taka þarf fram að gefnu tilefni að fyrirspurnin beinist ekki að einstaklingsbundum réttindum starfsmanna eða að því hvort það séu starfsmenn Atlantsolíu ehf. er annist löndun eða starfsmenn einhvers annars fyrirtækis. Málið varðar eingöngu að skýrt sé hvar umhverfisábyrgðin liggur.

Olíubirgðastöð Atlantsolíu er staðsett á hafnarfyllingu í sunnanverðri höfninni í Hafnarfirði. Svæði þar sem fjöldi manns starfar. Olíuflutningaskip koma reglulega til hafnarinnar til að landa olíu. Þá liggja þau í hafnarminninu skammt frá þéttbýlu íbúahverfi. Ljóst er að ef slys verða geta þau haft verulega alvarlegar afleiðingar. Ákvæði um löndun á olíu eru rýr í drögunum og hafa lítið upplýsingargildi fyrir starfsfólk Atlantsolíu ehf. en einnig fyrir almenning, starfsfólk nærliggjandi fyrirtækja, hafnarstarfsmenn og bæjaryfirvöld. Svipað gildir um olíuflutninga frá stöðinni. Engin ákvæði þess lútandi.

Áformað starfsleyfi tekur lítið mið af staðháttum, viðkvæmu umhverfi þegar litið er til öryggi almennings.


Ábendingar og athugasemdir HHK við einstakar greinar.

Grein 1.2 Rekstraraðili

Tilvitnun í greinina; „Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé framfylgt.“

Undirstrikun er heilbrigðisnefndar.

Á fyrri stigum í leyfisferlinu vakti HHK athygli á ofangreindu undirstrikuðu ákvæði í fyrsta kafla starfsleyfis um *almenn ákvæði*. Áhyggjur HHK eru tilkomnar vegna þess að í tillögunni að starfsleyfi er næsta lítið fjallað um olíulöndun. Velti HHK upp hvernig umhverfisábyrgð



væri hártað ef verktakafyrirtæki önnuðust framkvæmd. Hvort ofangreind opinber leyfi hefðu þar áhrif.

HHK gerir athugsemd við ofangreint ákvæði ef einhver hætta er á óljósri ábyrgð.

Grein 1.2 Umfang starfsemi

Tilvitnun í greinina; „Heimilt er gegnumstreymi bensíns í stöðinni umfram 5.000 tonn á ári.“

Undirstrikun er heilbrigðisnefndar.

Óskýrt orðalag. Þetta orðalag þýðir að engar takmarkanir eru á streymi bensíns í gegnum stöðina? Er þá ekki réttara að segja það bara þannig eða sleppa þessari setningu? Að öðrum kosti upplýsa með skýrari hætti hver séu mörkin.

Grein 2.5 Áhættumat og viðbragðsáætlun

Tilvitnun í greinina: „Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.B í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila. Viðbrögð skulu taka mið af nálægð stöðvarinnar við friðlýstan fólkvang í Hvaleyarlóni og Hvaleyrahöfða.“

Undirstrikun er heilbrigðisnefndar.

Markmið laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi. Olíubirgðastöðin á Óseyrarbraut er á hafnarsvæði skammt frá fölmennum vinnustöðum. Olíuflutningaskip leggjast við akkeri út af hafnarminninu skammt frá þéttbýlu íbúahverfi. Olíuflutningar frá stöðinni með þunglestuðum olíubifreiðum fara í gegnum og/eða í næsta nágrenni við íbúahverfi. Ekki er lagst gegn því að áhættumat og viðbragðsáætlun taki mið af mengun hafs og stranda eða nærliggjandi fólkvangs er nýtur friðlýsingar en HHK telur að viðkvæm staðsetning ætti enn frekar að kalla á aðrar áherslur.

Grein 3.6 Frágangur birgðageyma

Tilvitnun í greinina: „Olíugeymar skulu vera í olíuheldri lekavörn, t.d. olíuheldri þró. Rúmtak lekavarnar skal vera sem hér segir: Fyrir einn geymi skal rúmtak lekavarnar vera meira en sem nemur 90% af rýmd geymis. Ef fleiri en einn geymir er í sömu lekavörn skal rúmtak lekavarnar vera meira en sem nemur 90% af rýmd stærsta geymis í lekavörninni að viðbættri rýmd annarra geyma í hæð lekavarnar. Umhverfisstofnun getur þó heimilað að rýmd lekavarnar sé 60% af rýmd stærsta geymis ef tiltæk er aðgengileg flotgirðing og þekking um meðferð hennar er fyrir hendí. Lokunarbúnaður skal vera af viðurkenndri gerð og þannig staðsettur að ekki sé hætta á því að hann verði fyrir hnjasíki. Um geymslu bensíns gildir einnig reglugerð á sviði brunavarna, nr. 188/1990, um eldfima vökva og þar á meðal ákvæði hennar um þróarrymi ef þau ganga lengra en ákvæði þessa starfsleyfis.“

Undirstrikun er heilbrigðisnefndar.

Gerð er krafa um að ákvæðið sem er í starfsleyfileyfi stöðvarinnar frá 24. ágúst 2005 verði óbreytt (gr. 2.5. frágangur birgðageyma) eða gangi a.m.k. ekki skemur í að tryggja öryggi sbr. fyrra leyfi;

„Geymar skulu staðsettir í olíuheldum þróm sem rúma rúmmál stærsta geymisins í þrónni. Frágangur þróa skal vera í samræmi við gerð þess eldsneytis sem geymt er í viðkomandi geymum sbr. staðla.“

Eins og sést ef ofangreind grein starfsleyfis er borin saman við áformaða grein í þeim drögum að starfsleyfi sem hér er til umsagnar þá er um verulega breytingu að ræða. Veittur er afsláttur frá fyrri kröfu. HHK leggst eindregið gegn því.

Stöðin hefur verið í rekstri á annan áratug. Ekki hefur verið upplýst um meiriháttar breytingar í stöðinni. Umhverfisstofnun er því kunnugt um stærð olíuþróar með hliðsjón af stærð tanka. Vegna staðsetningar olíubirgðastöðvarinnar er ekki hægt að fallast á að stærð þróar verði minni en fyrra leyfi gerði ráð fyrir. Hafi orðið einhverjar breytingar til leiða til þess að rúmmál þróar uppfylli ekki lengur stærðarmörk núgildandi leyfis verður að taka á því. Setja fram tímasetta kröfu um hækkun eða stækkun olíuþróar og að ekki megi fylla geyma herra en svo að ákvæði leyfis sé fullnægt.

Vegna ofangreinds óskaði heilbrigðiseftirlitið með bréfi dagsettu 8. desember s.l. eftir að Umhverfisstofnun upplýsti um stærð núverandi olíuþróar með hliðsjón af stærsta tanka að frádregnu rúmmáli annarra tanka og búnaðar í þróarhæð. Einnig var óskað upplýsinga um hvort einhver áform séu um að virkja ofangreint ákvæði um olíugirðingu í stað þróar. Svör hafa ekki borist en fyrirspurnin er hér með ítrekuð.

Grein 3.12 Hávaði

Tilvitnun í greinina: „Rekstraraðili skal leitast við að draga úr hávaða frá birgðastöðinni og skal hávaði í nærliggjandi íbúðabyggð vera í samræmi við þau mörk sem fram koma í reglugerð nr. 724/2008, um hávaða. Hávaði við húsvegg utan vinnusvæðis rekstraraðila skal ekki fara yfir 70 dB(A) LAeq á iðnaðarsvæði og einnig skal hávaði vera undir öðrum mörkum í reglugerðinni eftir því sem við á (sbr. 5.gr. reglugerðarinnar).“

Undirstrikun er heilbrigðisnefndar.

Síðari hluta greinar 3.12 er mótmælt (sá hlut sem vitnað er í hér að ofan). Tvenn rök skulu nefnd.

- I. Fyrri hluti greinarinnar nægir sbr. ýmiss önnur starfsleyfi útgefin af Umhverfisstofnun, s.s. fyrir olíubirgðastöð Olíudreifingar í Örfirisey.
- II. Birgðastöðin er á skilgreindu hafnar svæði en ekki á iðnaðarsvæði.

Grein 4.3 Aðrar eftirlitsmælingar

Tilvitnun í greinina: „Mæla skal olíu í fráveituvatni, að lágmarki þriðja hvert ár en oftar ef vafi leikur á að kröfur í gr. 3.9 séu uppfylltar.“


Undirstrikun er heilbrigðisnefndar.

Samkvæmt greininni er tíðni eftirlitsmælinga í frárennsli ætluð mun sjaldnar en t.d. í stöð Olíudreifingar í Reykjavík. Eru einhver rök fyrir áformum um að draga úr vöktun? Gerð er krafa um a.m.k. jafn tíðar mælingar.

Annað.

Fulltrúar Umhverfisstofnunar eru í vinnuhóp sem falið hefur verið að vinna að drögum að nýrri reglugerð sem ætlað er að koma í stað núgildandi reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Umhverfisstofnun mætti líta til þeirrar vinnu, þegar unnið er að endurnýjun þessa starfsleyfis, einkum er varðar áformaðar kröfur í köflum um olíubirgðastöðvar og dreifingar eldsneytis.

F.h. heilbrigðiseftirlits



Páll Stefánsson
heilbrigðisfulltrúi